

Lagt fyrir 423. fund velferðarráðs 2. mars 2022
VEL2021060036
RÁ/kg

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Svar við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands varðandi viðveru sálfræðinga í grunnskólum borgarinnar*

Á fundi borgarráðs þann 9. september 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um viðveru sálfræðinga í grunnskólum borgarinnar:

Í svari við fyrirspurn sósíalista varðandi viðveru sálfræðinga í skólum borgarinnar kemur fram að sálfræðingar þjónustumiðstöðva, fyrir utan sálfræðinga í Þjónustumiðstöð Breiðholts, séu ekki með fasta viðveru eftir ákveðnum dögum í grunnskólum. Fulltrúi sósíalista spyr hvað myndi kosta að hafa fasta viðveru sálfræðinga í öllum grunnskólum einn dag í viku frá kl. 8-16 og hvað myndi kosta að hafa fasta viðveru alla virka daga, í öllum skólum frá 8-16? Hvað myndi þurfa að eiga sér stað til að tryggja þá aðstöðu sem þarf svo að sálfræðingar hafi góða aðstöðu innan skólanna? Þarft.d. meira rými eða aðstöðu og/eða fjármagn?

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. september 2021.

Svar:

Ef einn sálfræðingur væri í 100% starfi í hverjum grunnskóla borgarinnar þyrfti 44 stg. til að sinna öllum grunnskólunum. Stöðugildi skólasálfræðinga á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar eru 25,8 sem þjónusta 80 leikskóla og 44 grunnskóla í borginni. Meðtaldir eru einkareknir leik- og grunnskólar. Áætlað er að u.þ.b. 10 stöðugildi sinni leikskólum og 15,8 sinni grunnskólum borgarinnar.

Ef 15,8 stöðugildum sálfræðinga er skipt jafnt á milli allra grunnskóla borgarinnar þá má áætla að hver sálfræðingur sé í 36% starfi við hvern skóla. Ef einn sálfræðingur væri í hverjum grunnskóla alla daga vikunnar þá vantar 409 m.kr. uppá fjárheimildir.

Tafla 1: Kostnaður vegna viðveru sálfræðinga í hverjum grunnskóla

Fjöldi grunnskóla	Viðvera alla daga vikunnar frá kl. 8:00 – 16:00
30	206.000
35	278.400
40	351.000
44	409.000

Fjárhæði í þús.kr.

Samkvæmt upplýsingum frá þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs er aðstöðuleysi innan skólanna ein ástæða þess að þeir geta ekki haft fasta aðstöðu innan þeirra. Það er afar misjafnt eftir grunnskólum hvernig aðstöðu þeir geta boðið því starfsfólki sem sinnir skólaþjónustu (s.s. sálfræðingum/talmeinafræðingum). Allir grunnskólarnir í Breiðholti hafa hins vegar náð að skapa starfsfólki góða aðstöðu.

Almennt virðist vera vilji hjá skólastjórnendum til að skapa rými fyrir starfsfólk skólaþjónustunnar en algengt er að plássleysi innan skólanna hafi áhrif á hvaða aðstöðu hægt er að bjóða hverju sinni, en samkvæmt upplýsingum skóla- og frístundasviðs eru þrengsl víða og margir faghópar þurfa að eiga afdrep innan skólanna. Starfsfólk skólaþjónustunnar getur því oft ekki gengið að föstum rýmum á ákveðnum tímum og eiga því oft ekki fastan samastað. Þar sem staðan er verst eru fundarherbergi eða herbergi einstakra starfsmanna notuð með tilheyrandi röskun fyrir aðra starfsemi skólanna. Oft þarf að vera búð að bóka aðstöðuna fyrirfram og fæst þá ekki sá tími sem kannski er bestur fyrir barnið. Einnig getur verið ónæði í grennd við aðstöðuna t.d. þegar frímínútur eru eða annað uppbrot er á tímum.

Skóla- og frístundasvið hefur komið óskum til skólastjórnenda um að starfsfólki skólaþjónustunnar verði tryggð aðstaða þar sem nemendur upplifi sig örugga og að næðis/trúnaðar sé gætt.

Það er mat velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs að því verði beint til nýrra fagstjóra grunnskóla á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur að gera nákvæma greiningu á aðstöðu hvers skóla fyrir sig og að viðeigandi aðstaða verði tryggð. Verkefnastjórn Betri borgar fyrir börn verður falið að fylgja verkefninu eftir